

**Nd.**

**450. Nefndarálit**

[18. mál]

um frv. til laga um skylduskil til safna.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Við í minni hlutanum leggjum til að stjórnarfrumvarpið, sem fyrir liggur, verði samþykkt óbreytt, þar sem þar er að okkar dómi fullnægt á skilmerkilegan og sanngjarnan hátt tilgangi skylduskila á efni gefnu út fjölfölduðu með letri eða hljóði. Frumvarpið hefur að geyma ítarleg ákvæði um meðferð skylduskilaeintakanna, svo fullnægt sé tryggilega varðveislukvöðinni sem móttöku skylduskilaeintaka fylgir.

Hingað til hafa tiltekin bókasöfn þegið skylduskilaeintök í öðrum tilgangi, sum til almennrar safnnotkunar, en Landsbókasafn til bókaskipta. Réttmætt er að þessum aðilum sé bætt það sem þeir missa við breytingu á skylduskilunum, en ákvæði um slíkar bætur af ríkisrekinni eða ríkisstyrktri bókaútgáfu falla engan veginn að eðli og efni þessa frumvarps til laga um skylduskil. Þótt við getum því fallist á tilgang breytingartillagna meiri hluta nefndarinnar, teljum við þær alls ekki eiga heima í þessu frumvarpi.

Alþingi, 30. mars 1977.

Magnús T. Ólafsson,  
frsm.

Svava Jakobsdóttir.